

Atvinna fyrir alla

Boð á norræna ráðstefnu

Áhrif atvinnuþátttöku eldra fólks á heilsu og lífsgæði

Hótel Nordica, Reykjavík, 9. nóvember 2009

Á síðustu áratugum hafa lífslíkur fólks á Norðurlöndum aukist, en fæðingartíðni aftur á móti lækkað. Aldursskipting samfélagsins er að breytast og fyrir séð er að á komandi árum munu sífellt færri einstaklingar standa undir þjóðarframléiðslunni og velferðarkerfinu að óbreyttu. Jafnframt hafa eldri borgarar margir hverjir brennandi áhuga á að taka virkan þátt í þjóðfélaginu.

Það er því tímabært að endurmeta stefnur norrænu ríkjanna um atvinnuþátttöku eldra fólks, bæði út frá einstaklingssjónarmiðum sem og samfélagslegum. Þetta verður umfjöllunarefni á norrænni ráðstefnu sem verður haldin á Hótel Nordica í nóvember þar sem fulltrúar allra Norðurlanda taka þátt í skoðanaskiptum um hvaða áhrif þátttaka eldra fólks í atvinnulífinu hefur á heilsu og lífsgæði. Auk þess verður fjallað um viðhorf til eldra fólks á vinnumarkaði og hvort lífeyrstryggingakerfið hvetji til atvinnuþátttöku.

Ráðstefnan er á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, en Ísland gegnir formennsku í nefndinni þetta árið. Félags- og tryggingamálaráðuneytið stendur að ráðstefnunni í samstarfi við Norrænu velferðarstofnunina, Norræna lýðheilsuháskólann og Norrænu hagskýrslunefndina á sviði félagsmála.

Ráðstefnan fer fram á ensku og verður dagskrá auglýst síðar á heimasíðunni norden2009.is/arbejde-til-alle.

Nánari upplýsingar veitir Þórdís Yngvadóttir, félags- og tryggingamálaráðuneytinu, í síma 545 8100 og með tölvupóti á netfangið thordis.yngvadottir@fel.stjr.is.

Skráning er á heimasíðunni: yourhost.is/arbejdetilalle2009.

LÁRA T. BJÖRNSDÓTTIR

Lára Björnsdóttir
formaður norrænu embættismannanefndarinnar
um félags- og heilbrigðismál
hjá Norrænu ráðherranefndinni (EK-S)

Gylfi Kristinsson

Gylfi Kristinsson
formaður norrænu embættismannanefndarinnar
um atvinnulíf hjá Norrænu ráðherranefndinni (EK-A)



Nánari upplýsingar má sjá á norden2009.is/arbejde-til-alle